

112 var honum greidd, gefið út í viðurvist notarii publici afhendingarskjal það, sem hjer
3. júlí. með fylgir eptirrit eptir, aptur á móti hefir ráðgjafinn s. d. leyft honum með skrif-
legri yfirlýsingu, og af henni fylgir hjer einnig eptirrit, að nota og nýta söfn þau, sem
hjer eru, meðan hann lifir.

Með því þessu næst samkvæmt afhendingarskjalinu að senda ráðgjafanum eldsvoða-
ábyrgðarskjal fyrir söfnum þeim, sem hjer eru, hljóðandi upp á 30000 kr., hefir Jón
Sigurðsson með tilliti til þess hluta handritanna, sem er í Reykjavík, getið þess, að
hann sje geymdur í stiptsbókasafninu, og sje í umsjón skólavardar Jóns Árnasonar, sem
mun afhenda þann hluta handritanna herra landshöfðingjanum landssjóðsins vegna.

Jafnframt því að skýra herra landshöfðingjanum frá hinu framan skráða til
naudsynlegrar leiðbeiningar og senda eptirrit eptir uppteiknun Jóns Sigurðssonar yfir
handrit þau, sem eru í Reykjavík, vildi ráðgjafinn þjónustusamlega mælast til þess
við yður, að þjer þóknanlega vegna landssjóðsins vilduð taka á móti þessum hluta safns-
ins frá fyrnefndum Jóni Árnasyni, og um það vonast ráðgjafinn að fá frá yður
þóknanlega skýrslu.

113 — *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til vatnsveit-*
6. júlí. *inga* — Eptir að ráðgjafinn hafði ritað herra landshöfðingjanum 24. maí þ. á., að
hann álitu sèr eigi heimilt að veita úr viðlagasjóði lán það, er ræðir um í brjefi yðar 6.
s. m., að upphæð 10000 kr., til að þurrka upp og rækta Staðarbyggðarmýrar, sem svo
eru nefndar, og liggja undir Munkaþverárklostur, með því að veð það, er haft væri í boði
fyrir láninu, gæti eigi álitizt nægilegt, hafið þjer í þóknanlegu brjefi 8. f. m. getið þess,
að þegar muni byrjað á að þurrka upp mýrarnar og væri mikið undir því komið, að því
yrði haldið áfram, og þar með farið þess á leit, að yður yrði fengin heimild til að veita
Munkaþverárklostursumboði áminnzt lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, sem til eru
tekin í hinu fyrra brjefi yðar, sem sje að láninu sje skipt niður á 2 eða 3 ár og látið
úti jafnóðum og verkinu skilar áfram, að greiddir sjeu 6 af hundraði á ári af því, sem
lánið nemur upphaflega, upp í höfuðstólinn og í vöxtu, 28 ár í röð, og að ábúendur um-
boðsjarðanna greiði þessa 6 af hundraði af láninu í umboðssjóð ásamt jarðarafgjöldunum,
eptir rjettri tiltölu engjalands þess, er jörðunum fylgir, og til vara leggið þjer það til, að
slíkt lán verði veitt með því móti, að sett sje frekari trygging fyrir því með fasteignarveði,
þangað til samþykki alþingis fáið til þess, að lánið sje veitt umboðssjóðnum eða Munka-
þverárklostursumboði með framangreindum skilyrðum.

Út af þessu er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráð-
gjafinn enn sem fyr álitur sjer eigi heimilt að fallast á aðaltillögu yðar, en hins vegar
þykist hann geta leyft, að lánið sje veitt, ef sett er nægileg trygging fyrir endurborgun
þess. Með því að hjer er að ræða um lán úr viðlagasjóði, eða landssjóði, verður að taka
þetta svo, að lánið sje veitt hlutaðeigandi leiguliðum og þeir eigi að endurborga það, og
að hlutaðeigandi umboðsmaður eða umboðssjóðurinn sje að eins milligöngumaður til að
koma málinu í kring; verða því leiguliðarnir að gefa út skuldabrief fyrir láninu, þar sem
þeir skuldbinda sig til að greiða vexti af því og borga það á framangreindan hátt og að
setja veð fyrir því, að skuldbindingum þessum verði fullnægt, slíkt sem herra landshöfð-
inginn álitur nægilegt, eptir reglunum fyrir lánnum úr viðlagasjóði, og eins verður þegar
ábúandaskipti verða, að láta hina nýju leiguliða taka að sjer sömu skuldbindingu með
samsvaranda veði. Loks skal þess getið, að sje þessu hagað á þann hátt, er hjer segir,
svo að leiguliðarnir verða lánþiggendur og setja venjulegt veð fyrir láninu, kemur eigi
til orða að leggja málið fyrir alþingi.